Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

Þátttakendur í degi um fórnarlömb umferðarslysa

SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 27. ágúst 2019
Tilv.: SRN19060009/3.14.0

Þann 18. nóvember 2018 var haldinn hér á landi árlegur minningardagur Sameinuðu þjóðanna um þá sem hafa látist í umferðarslysum. Í það skipti var sjónum beint að aðstandendum þeirra sem láta lífið í slysum í umferðinni. Ráðuneytið telur daginn hafa heppnast eins vel og á varð kosið. Með bréfi þessu vill ráðuneytið þakka fyrir það óeigingjarna starf sem unnið var við að gera þennan atburð sem veglegastan.

Þá vill ráðuneytið jafnframt upplýsa að undirbúningur fyrir minningardaginn á þessu ári sem verður sunnudaginn 17. nóvember 2019 er hafinn. Ráðuneytið óskar eftir framhaldi á því ánægjulega samstarfi sem hefur verið vegna þessa mikilvæga dags hér eftir sem hingað til.